

Meðferð eineltismála í Hrafnagilsskóla

Einelti er ekki undir neinum kringumstæðum liðið í Hrafnagilsskóla og leita skal allra leiða til að stöðva það.

Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.

Skilgreining á einelti

„Einelti er endurtekið áreiti eða ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi og beinist að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig.“

Einelti getur tekið á sig margvíslegar myndir....

Líkamlegt einelti: T.d. að lemja, hrinda, sparka, stela, skemma eigur annarra.

Andlegt einelti: T.d. að hóta, uppnefna, stríða, hafa uppi niðrandi athugasemdir skriflega eða munnlega, útiloka úr hópi eða hafna, breiða út sögur og ljúga upp á.

Það er ekki formið sem skiptir mestu máli heldur hvaða áhrif áreitið hefur á þolandann.

Mikilvægt er að hafa í huga að gerendur eru ekki alltaf meðvitaðir um hversu sársaukafullt eineltið er fyrir þolendur.

Allir geta átt á hættu að lenda í eineltisaðstæðum, annað hvort sem þolendur, gerendur eða meðhlauparar (þeir sem eru vitni en gera ekkert í málinu til að stöðva eineltið).

Markmið með áætlun gegn einelti er að:

- Stuðla að því að skólinn sé öruggur vinnustaður barna.
- Stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum.
- Upplýsa nemendur um alvarlegar afleiðingar eineltis.
- Stuðla að samvinnu heimilis og skóla í eineltismálum.
- Upplýsa foreldra /forráðamenn um einelti.
- Foreldrar hafi aðgang að stefnu skólans í eineltismálum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Kennurum ber að vinna gegn einelti með fyrirbyggjandi vinnu. Hægt er að vinna með bókmenntir sem fjalla um samskipti, lífsleikni, kristinfræði og taka almennar umræður. Varið er einni kennslustund í viku í að halda gæðahringi eða bekkjarfundi og þar eru samskipti meðal annars rædd. Hrafnagilsskóli vinnur eftir formerkjum uppelsstefnu Jákvaðs aga sem kennir félagsfærni og lífsleikni.

Vinnuferli í eineltismálum.

1. Hver sá í skólasamfélaginu sem fær vitneskju / grun um einelti, (nemandi, foreldri, starfsmaður), skal gera umsjónarkennara grein fyrir málinu.

2. Umsjónarkennari leitar eftir upplýsingum frá þolanda, forráðamönnum hans, hugsanlegum gerendum og starfsfólki skólans. Könnun á samskiptum, tengslum og líðan er lögð fyrir bekkinn. Forráðamönnum aðila málsins er gerð grein fyrir stöðunni og skoðað er hvað þeir geta gert til aðstoðar barni sínu og skólanum.
3. Umsjónarkennari gerir skólastjórnendum og þeim kennurum og starfsfólki sem hafa með málið að gera, grein fyrir stöðu mála. Myndað er eineltisteymi sem vinnur með málið. Mikilvægt er að ALLT ferlið sé skráð (skráningarblað er að finna á tölvusvæði kennara).
4. Rætt er við meinta gerendur og þolanda (á ekki alltaf við). Unnið er með samskipti og tengsl innan bekkja eða meðal nemenda í skólanum.
5. Beri ofangreindar aðgerðir ekki árangur er málinu vísað til nemendaverndarráðs til frekari úrlausnar.